



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

**Byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu
Helgi Kjartansson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn**

Selfossi, 31. mars 2014
1403064HS SG

Efni: Brautarholt gistihaus - umsögn um teikningar

Þann 26. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins vegna teikninga þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta húsi í gistihaus í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ekki eru nánari upplýsingar varðandi húsið að öðru leyti.

Um er að ræða 5 tveggja manna herbergi, öll með sér inngangi beint inn að utan. Gert er ráð fyrir aðgengi fyrir fatlaða í einu herbergjanna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir teikningarnar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Upplýsingar óskast um fyrirkomulag og eftir atvikum frágang fráveitu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
2. Bent er á að stærð baðherbergja nær ekki lágmarksstærð um snyrtigar skv. byggingareglugerð.
3. Hitastýringar skulu vera á böðum og handlaugum má vatnshiti ekki fara yfir 43°C sbr 14 gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
4. Huga þarf að hljóðvist, þannig að koma megi í veg fyrir að gestir verði fyrir óþægindum af þeim sökum sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi